

MÖRSUGUR

ljóðsaga / a poetic tale

Þriðji mánuður í vetri kemur miðvikudag; hann heitir í Bókarbót mörsugur, en í Eddu hrútmánuður; hann skal telja þrítugnættan, og enda fimtudag að aptni, þá er þorri gengur inn eptir sínum föstudegi (Páll Vídalín, Skýringar við fornyrði lögbókar).

The third month of winter comes on a Wednesday; in Bókarbót it is called mörsugur, but in Edda, hrútmánuður; this month counts thirty nights, ending on a Thursday, when þorri enters (Páll Vídalín, Skýringar við fornyrði lögbókar).

ÞESS VEGNA KEM ÉG SEINT

stundum er ég bara krakki
sem gleymdist á pissustoppi á miðjum þjóðvegi

lítil pissudúkka sem náði ekki alla leiðina suður

geng stefnulaust um og tala við fjöllin
segi þeim hvað var í fréttum í gær
hvernig ég sakna þess að vera heima
að ég þrái rok, einhvern í vondu skapi
smá ójafnvægi og hvað með það

svo fer þessi fullorðna kona að sofa og dreymir
að hún sé alltaf að passa upp á eitthvað

börnin, mat
nágranna, drottinn
dýr, illgresi
mat

veður, und
ankomu, silki
það, leyndarmál
mat

*fyrst segi ég ykkur frá
staðbundinni ást
sem kviknar aðeins
á miðri heiði
á hundrað ára fresti*

SÓLMÁNUÐUR II

nú sólar

og ég elska eins og straumvatn
sem togar í trjágreinarnar

THIS IS WHY I'M LATE

sometimes i'm just a kid
lost at a peestop on the middle of the highway

a little peebaby that couldn't make its way to the city

walk aimlessly and talk to the mountains
tell them what was on the news yesterday
how i miss home
i yearn for storms, someone in a bad mood
a little quiver and what's wrong with that

then, this woman goes to sleep and dreams
that she is guarding something

children, food
neighbours, lord
animals, weeds
food

weather, es
cape, silk
it, secret
food

*i will begin
with a tale of a love
that is only lit
in the midst of a heath
every hundred years*

SUNMONTH II

it suns

and I love like a stream that pulls branches
until leaves fall down to the ground

þar til laufblað hrapar til jarðar
álftin leggst við fætur mér
hún býður mér í dans
gulir hljómar umkringja mig
ég legg augun aftur
fjórar hendur snerta mig
ein úr hverri ætt
tuttugu fingurgómar
einn frá hverri móður sem á móður

þær sem ræktuðu landið á undan mér

SÓLMÁNUÐUR III

þetta er saga um litlar greinar í hálsi
og konur sem reita arfa
nónbil morgun dagur nótt
ég dansa (horfi á sögur verða til,
sagðar í marga daga) til miðnættis
drjúpa í skugga hvellur

svo kvöldar

aftur

svo kvöldar aftur

svo kvöldar aftur og aftur

VIÐ ERUM EYÐUR

en hér er engin til þess að fylla í

við viljum næringu
bítum í þar til
jarðlög myndast
mislæg, holróma, tómarúm

ég vaknaði í morgun
og ætlaði ekki að hugsa um ást
(fyrst og fremst því ég skil ekki orðið)

the swan lies at my feet
she offers me a dance
yellow sounds surround me
i close my eyes
four hands touch me
one from every family
twenty fingertips
one from every mother that has a mother

that cultivated the land before me

SUNMONTH III

this is a story about small branches in a throat
and women that weed their garden
afternoon morning day night
i dance (watch stories being born,
told for many days) until midnight
drips in shadow, cracks

then it darkens

again

then it darkens again

then it darkens again and again

WE ARE GAPS

there is no one to fill us in

we need nurturing
bite until
layers of earth form
misaligned, echoing, empty

i woke up this morning
and i was not going to think about love
(mostly because i do not understand the word)

heldur eitthvað eins og
hvenær á lífsleiðinni verður manneskjan
mótsagnakennd
og er möguleiki á að fólk sjái í gegnum mig

svo líður dagurinn
og ég kemst ekki hjá því að vera til
ferðast stöðugt á milli hæða
hugur magi hjarta

kannski hittumst við einn daginn
sem fugl og eyðibýli
þú flýgur yfir
sérð fegurð, löngun, auðn
hugsar seinna til baka
og manst eftir mér

TUTTUGU FINGURGÓMAR

ég fæddist í lifandi vatni
með fingurgóma úr silki
óx og hnignaði í grómaðri flægð
sat í berjamó ár eftir ár
og hugsaði um hlýju
um hesta sem skýldu sér á bak við vind
tuttugu fingurgómar sem flæddu
í kringum lífkerfi og rökkur
snertu verur sneru aftur heim
lokkuðu tímann meðfram ströndum
veiddu og gengu um með hann í vasanum

þar voru engir þorpsbúar
engin morguntár
mávar sátu fastir heima
engin mamma enginn pabbi
eða kúabjöllur að húa á krakka í mat

aðeins fingurgómar úr silki
tuttugu
sem nú liggja í dvala

but rather something like
when does a person become contradictory
and is there a possibility that people see through me

then the day passes
and i cannot escape existing
travel between floors
mind, stomach, heart

maybe we will meet some day
as a bird and a deserted farm
you will fly over
see beauty, desire, wasteland
later, think back
and remember me

TWENTY FINGERTIPS

my birth was in living water
i had fingertips of silk
grew and decayed in grome, otherey, flythe,
sat and picked berries year after year
thought about affection
horses that hid behind wind
twenty fingertips that flooded
around ecos and dusk
touched the backs of creatures, turned back home
enticed time along the tideline
trapped it, and carried it in a pocket

there were no villagers
no morning tears
seagulls were stuck at home
no mom no dad
or cowbells to round the kids up

only fingertips of silk
twenty
lying half-asleep

ÞÚFNASPRETTUR

með birkifræ og gul blóm í maga
ég þæfi þig
svo úr verður ljóstíra

ég passa upp á þig
nótt í
og tíma
dag
og ótíma
sérstaklega þegar myrkva tekur

við sprettum yfir þúfur
gleypum vind
og föllum hlæjandi í mosa

þú hvíslar að nú sé bærinn farinn að þreytast

þá er best að fela sig á bak við heyrúllur
telja stjörnur
anda djúpt
og muna
að bæir deyja
og fólkið með

SLÁTUR

ég ætla ekki
að gera þau mistök
að segja hve mikið
ég elska slátur
því einhver
gæti misskilið það heiftarlega
og haldið að ég sé að tala um
slátrun

ég held mig frekar við smjórið
og nokkrar
hveitikökur

HUMMOCK SPRINT

with birch seeds and yellow flowers in stomach
i comb you
until you become faint light

i take care of you
night in
and time
day
and untime
especially when it begins to darken

we sprint over hummocks
swallow wind
and fall laughing into moss

you whisper that the farm is getting weary

we should hide behind a wall of haybales
count stars
take a deep breath
and remember
farms fade
and people too

SLÁTUR*

i will not
make the mistake
of revealing how much
i love slátur
because someone
could misunderstand it maliciously
and think that I am talking about
slaughter

i would rather stick to butter
and a few
wheat cakes

**Slátur is an Icelandic food made from the innards of sheep. There are two types of slátur; blóðmör or "blood pudding" and lifrarpýlsa "liver sausage".*

kannski segi ég ykkur frá kartöflunum
sem vaxa út í garði og ég borða með bestu lyst
það er ekki villandi
og ég tek það sérstaklega fram
að ég borða ekki
hrafna

MÖRSUGUR I

vig um í ofak
kofa kofa

vig um í
kofa ko ko
bjuggum um við

jug ko ofa í uggofði
vi gumði ko ko gjum í

vivi gu mof ako kofa
vi vi jug ugg bjug í foka

ði í ok af guj í koka
jug í ko ko
kaði gum í foka

bjugg í koka
vi gum í kof

Á MEÐAN ÉG MAN

ég á nóg af frændfólki sem umber mig
og sum hafa meira að segja sagst elska mig
svona eins og fallett hlöðudýr
þau elska mig eins og eitthvað sem bitur ekki of fast
og það er allt í lagi ef ég byrja að rugla
eitthvað út í loftið

en ekki of hátt
þá er kannski best fyrir mig að halda aftur upp á heiði

perhaps I will talk about the potatoes
that grow in the garden and I eat with pleasure
that is not misleading
and i would especially like to point out
that i do not eat
ravens

MÖRSUGUR I

wev ed in tuh
hut hut

wev ed in
hut hu hu
lived ed we

iv hu ut in ivute
we vedew hu hu ved in

wewe ve dut uth hut
we we iv ve liv in uht

e in uh tu vil in huhut
iv in hu hu
htew ved in uht

live in huhut
we ved in hu

WHILE I REMEMBER

i have a lot of relatives that tolerate me
and some have even said they love me
like a beautiful barn animal
they love me like something that does not bite too hard
and it's okay if i start muttering
nonsense into thin air

but not too loud
then i should probably return to the heath

þorpið er þungt og stundum hunsa ég það sem þarf
að hunsa allt þetta fólk sem þarf alltaf að vera að tala
um mig horfa á mig hugsa hvað ætli hún sé að hugsa
af hverju gerir hún svona og hver segir svona
yfirhöfuð og af hverju heldur hún sig ekki bara uppi
á heiði eða verður jafnvel úti eftir ball eða heyrðu enn
betra gengur út í sjó

MÖRSUGUR II

ertu hnífur eða ertu
skeið hugsarðu
með tungunni

um helgar
breytistu í
algjöran gaffal

stingur í mig og segir

svona svona kona kona

VEÐUR ER VEÐUR

ég er hrjúf mold
sem hugsar
ég tala ekki upphátt
því mig er farið að gruna að ég sé
ósýnileg
hugsa um þessa konu hugsa
var hún yfirhöfuð til
vildi hún líka sofna
og sofa og sofa og vakna í lit
laus við öskrandi fólk
og dofnandi heim
þráði hún að grafa sig inn í mig
sökva og breytast í gróður sem má hvíla sig
líka þegar jörðin frýs

the village is weighty and sometimes i ignore what
needs to be ignored, people that always need to talk
about me, look at me, thinking, what is she thinking,
why does she do this, and who even talks like that,
and why doesn't she just stay on the heath, or be
forgotten outside after a dance, or even better walk
into the ocean

MÖRSUGUR II

are you a knife or are you a
spoon do you think
with your tongue

on weekends
you change into a
total fork

stab me and say

quiet quiet riot woman

WEATHER IS WEATHER

i am rough earth
that thinks
i will not speak
because i've started to believe
i am invisible
think about this woman think
did she even exist
did she also want to sleep
and sleep and sleep and wake up in color
free of roaring people
and a fading world
did she long to bury herself inside me
sink and turn into plants that are allowed to rest
even when the earth freezes

SÓLMÁNUÐUR I

ég var í heilsubótargöngu þegar ég sá álfina fyrst.
hvít eins og máni. hún flaug tignarlega yfir vatnið
áður en hún hvarf mér úr augsyn. um nóttina
dreymdi mig að álfinn hvíslaði að mér að viskan
rynni í iðrum jarðar. hún nálgast mig með ró, þírði
augun og snéri höfðinu hægt í hring. álfinn starði á
mig og ég starði til baka. það var þá sem ég vissi að ég
yrði að umbreyta mér í á.

*svo lyktaði af eyðileggingu
og yndisþokka*

MÖRSUGUR III

hann fór vel með salti
soðinn mjög vel saltur
bauð mér svo upp á heiði
hríslaðist um mig alla

frelsaðu mig
gaulaði hann

svo ég sagði, hér reynum við ávallt
að hafa eitthvað nýmeti með
sigtað seyði af rababara
kálplöntur ræktaðar frá fræi inni við
því næst plantaðar út í garð

það er ýmislegt sem gerist á bæjunum

af hvaða ætt hann var veit ég ekki
læddist inn og út úr hvaða hvassviðri
sem á landið og mig herjuðu

loks hafði ég eitthvað almennilegt fyrir stafni

SUNMONTH I

i was taking a constitutional when i first saw the
swan. white as the moon. it flew majestically over the
water before vanishing in front of my eyes. the same
night i dreamt that the swan whispered to me, that
wisdom flowed deep inside the earth. she
approached me gently, squinted her eyes and turned
her head slowly in a circle. the swan stared at me and
i stared back. it was then that i knew that i had to turn
myself into a river.

*then it reeked of destruction
and delight*

MÖRSUGUR III

he was tasty with salt
boiled, very salted
took me to the heath
shivered through me

set me free
he howled

so i said, we strive
for fresh food
with filtered extract of rhubarb
cabbage cultivated from seed indoors
and then planted in the garden

you never know what might happen
when living on a farm

i do not know about his roots
or which storms he came in and out of
whirling on me and this land

finally I knew what to do

við saman
á miðri heiði
hann í maga
og ég mett

MÖRSUGUR IV

við bjuggum í kofa sem leitaði vestur
dökkblár og sterklega byggður
rúmaði vel manneskju og eina stóra skepnu

bælið var byggt á ógnarstórum
hraungambróttum kletti
sem grét klumpum í kalstraumsæði

þetta var árið sem mér var alltaf kalt
útideyða kona kona
svo svöng svo köld

hrollur í tungu í kjálka
og fnykur í beinum
fýla og stingur og verkur

ég starði á haf út
fylgdist með öldum rísa úr engu
vaxa upp til guðanna
snerta haf og himinn
og falla inn í sig um leið

SÓLMÁNUÐUR IV

vatnið var lækur sem var ég sem voru
þær
runnu

kona eftir konu eftir konu eftir konu

sjáðu hálsinn
hérna geymi ég sársaukann
söngurinn snertir þær í örstutta stund
snertir örin snertir mig

the two of us together
in the middle of the heath
he in stomach
and I stuffed

MÖRSUGUR IV

we lived in a hut that faced west
dark blue and sturdily built
kept a person and one big creature

the den stood on an enormous
lavabloated cliff
that cried lumps in frostcurrentfury

this was the year i was cold
outside riot woman
so hungry so cold

shiver in tongue, in jaw
and stench in bones
stink and sting and soreness

i gazed towards the ocean
watched waves rise from nothing
stretch up to the gods
touch sea and sky
and fall into itself at once

SUNMONTH IV

the water was a river that was i that was
them
flowing

woman after woman after woman after women

this is my throat
where i keep pain
when i hum it touches them slightly
touches scars touches me

MÖRSUGUR V

hraunið hvíslaði karlinum kvert
kerir kvárið kerliði svert
veðraði vindaði (daginn inn og
daginn út) horfði á mig úr fjarlægð
hvíslaði svona svona kona kona
tók úr sér annað augað (hann var heppinn
að hafa sjón á hinu) kreisti
svo úr því lak safi

hann breyttist í blævalogn
og ég svona utan við mig

rekur nú rakur fyrir unga svengri konu

svo ég át hann

OG ÖNNUR ÓS

auga mætir auga
og allt sem má ekki tala um
svífur á milli okkar í glundroða
það nístir og umbreytir sér í óteljandi þræði
sem líða upp í loft
upplitast

má ég tína þá og sauma
mynstur sálarinnar
með lítilli nál
niður hryggjarsúluna
og djúpt inn í mjaðmagrind

ef ske kynni ég eignist barn

má ég sauma mig
allt í endaleysu
úr orsök í afleiðingu
meðfram hvenær og loksins
frá þér og þar til nú

MÖRSUGUR V

the lava whispered man mahr
marsh mare menili mesh
weathery windy (day to night
night to day) looked at me from a distance
whispered, quiet quiet woman riot
removed an eye (he was lucky
to see with the other) squeezed
so juice dripped out of it

he turned upside down
and I somewhere else

but crying not craving for a young starving woman

so I devoured him

ANOTHER STREAM

eye meets eye
and the things we can't say
flicker around us
hurting, they turn into a million threads
levitating
fading

can i gather them and sew
soul patterns
with a small needle
down the spine
and deep into the pelvis

in case i have a child

can i sew myself
into infinity
from cause to effect
along when and finally
from you and until now

má ég hafast á loft
upp

may i lift
up

og verða að þögn

and become silence

GRÆNT

meyr jarðvegur
ómar

GREEN

soft soil
hums

grænt
og ég kunni að vona

green
and i gather hope

milt hold
ljómar

subtle, subtle
skin

frjóvgandi byggð
verður kona

flourishing field
becomes woman

kaldur andi
til sín dregur

open road breaths
over mountains

tindrar í náttmyrkri

cold breeze
glistens

hvílir yfir fjöll
frjáls vegur

world full of moons
calls upon me

öll himins tungl
á mig kalla

my
journey begins

ég legg afstað

Mörsugur er ópera fyrir rödd með rafhljóðum og myndbandsverki, byggð á ljóðsögu eftir Ragnheiði Erlu Björnsdóttur. Ljóðsagan er brotakennd frásögn með útúrdúrum sem gerist í þjóðsagnakenndri íslenskri náttúru. Erkitýpunar sem persónan er byggð á eru goðsagnakenndar kvenfyrirmyndir. Í verkinu er reynt að ná utan um þokukennt hugarástand konu sem er á milli heima, á milli ljóss og myrkurs og þar sem minningar og raunskynjun renna í eitt. Verkið er unnið í samsköpunarferli Ásbjargar Jónsdóttur, Heiðu Árnadóttur og Ragnheiðar Erlu Björnsdóttur. Myndbandsverk er eftir Ásdísi Birnu Gyolfadóttur.

Mörsugur is an opera for voice and audiovisuals created from a poetic tale by Ragnheiður Erla Björnsdóttir. Located in folkloric Icelandic nature, the fragmented storytelling ventures on frequent detours on behalf of mythic-like heroines on which the narrator is built upon. Made in a creative collaboration between Ásbjörg Jónsdóttir, Heiða Árnadóttir and Ragnheiður Erla Björnsdóttir, the piece depicts the nuances of being in between worlds, of light and darkness, and memories and the present. Visuals by Ásdís Birna Gyolfadóttir.

Commissioned and performed by Heiða Árnadóttir

Composers: Ásbjörg Jónsdóttir, Ragnheiður Erla Björnsdóttir

Text: Ragnheiður Erla Björnsdóttir

Video art: Ásdís Birna Gyolfadóttir

Dramaturge: Kolbrún Anna Björnsdóttir

Costume: Heiða Eiríksdóttir, Katla Sigurðardóttir

English translation: Ragnheiður Erla Björnsdóttir, Ásbjörg Jónsdóttir, Árni Ísaksson

English translation edited by Meg Matich

Sound mixing: Þorgrímur Þorsteinsson

launsiðjur artists'
listamanna salary fund

